

Ólafur Gíslason & CO HF
Sundaborg 7
104 REYKJAVÍK

Reykjavík 17. apríl 2012

Tilvísun: 201203-0136/6.01.12

Leyfi til framleiðslu á sprengifimri blöndu ammóníumnítrats og olíu.

Vísað er til erindis fyrirtækisins dagsett 23.03.2012 um til leyfi á framleiðslu á sprengifimri blöndu ammóníumnítrats og olíu (ANFO/ANB).

Umbeðið leyfi er hér með veitt til framleiðslu á ANFO (UN 0082) til nota á sprengistað við sprengivinnu til aðila með gilt sprengileyfi sbr. 3. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 684/1999 um sprengiefni. Áður en framleiðsla hefst skal liggja fyrir skriflegt samkomulag um ábyrgð sprengistjóra varðandi notkun sprengiefnisins. Stjórnandi blöndunar skal hafa fengið kennslu og þjálfun á notkun búnaðarins og skal það vera tiltækt skriflega óski Vinnueftirlitið eftir því. Sprengistjóri með gild sprengiréttindi á vegum notanda skal ávallt vera viðstaddur framleiðslunina. Nota skal viðurkennt ammóníumnítrat og viðurkenndan blöndunarbúnað. Skrá skal framleiðslumagnið. Senda skal Vinnueftirlitinu upplýsingar um framleiðslumagn á a.m.k. þriggja mánaðar fresti.

Leyfið gildir einnig fyrir framleiðslu í umbúðir í geymslugáma með eftirfarandi frekari skilyrðum:

- **Framleiðslan skal fara fram innan lokaðs svæðis geymslugáma.**
- **Gámarnir skulu vera viðurkenndir af Vinnueftirlitinu og staðsetning þeirra samþykkt af viðkomandi lögregluvirkum.**
- **Aðeins má framleiða það magn sem nota á hverju sinni og að hámarki sem geymslugámarnir eru leyfðir fyrir og þá einnig með tilliti til magns annarra sprengifimra efna eða hluta.**
- **Óheimilt er að flytja framleiðsluna til annarra staða nema með sérstöku leyfi viðkomandi lögreglustjóra.**
- **Ábyrgðaraðili framleiðslunnar er Ólafur Gíslason HF en áður en framleiðsla hefst skal liggja fyrir skriflegt samkomulag við notanda sprengiefnisins og skal einstaklingur á hans vegum með gild sprengiréttindi vera viðstaddur framleiðslunina.**
- **Nota skal viðurkennt ammóníumnítrat. Viðurkennt ammóníumnítrat telst m.a. það ammóníum nítrat sem notað er við framleiðslu á ANOLIT, ANOLIT EXTRA, ANOLIT A, ANOLIT EXTRA A og ANOLIT LETT 30 sem viðurkennd hafa verið af "Tilkynntum aðila" (Explosives Modified Body), PvTT í Finnlandi sem ANFO - sprengiefni (UN 0082).**
- **Framleiðsluna skal setja í viðurkenndar umbúðir og þær merktar.**

Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum reglugerðar nr. 684/1999 um sprengiefni eftir því sem við á svo og reglugerð nr. 1077/2010 um flutning á hættulegum farmi.

Virðingarfyllst,


Víðir Kristjánsson
deildarstjóri